



166. fundur

sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

haldinn í Kjarna fimmtudaginn 12. mars kl. 13:00

Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, Margrét Bjarnadóttir, Ingvar Vagnsson í forföllum Ásvaldar Ævars Þormóðssonar, Árni Pétur Hilmarsson, Heiða Guðmundsdóttir, Ragnar Bjarnason og Sigurður Hlynur Snæbjörnsson.

Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund.

Dagskrá:

1. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 06.03.2015
2. Aðalfundarboð Norðurorku hf. 2015
3. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 6
4. Nýtt rekstrarleyfi – Tröð
5. Viðbót á rekstrarleyfi – Gerði
6. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4
7. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 8
8. Nýtt rekstrarleyfi – Merki
9. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla
10. Erindi – Flugklasinn Air 66N
11. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa

1. Fundargerð Atvinnumálanefndar frá 06.03.2015

Lögð fram fundargerð Atvinnumálanefndar frá 6. mars s.l. Árni Pétur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í þremur liðum.

Sveitarstjórn staðfestir fundargerðina.

2. Aðalfundarboð Norðurorku hf. 2015

Lagt fram aðalfundarboð Norðurorku ehf. sem haldinn verður 27. mars. n.k. í Menningarhúsinu Hofi á Akureyri.

Samþykkt að sveitarstjóri fari með umboð Þingeyjarsveitar á fundinum.

3. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 6

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 24. febrúar s.l. þar sem Margrét Höskuldsdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga á Lautavegi 6 á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Sólvellir Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

4. Nýtt rekstrarleyfi – Tröð

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 25. febrúar s.l. þar sem Hanna Þórsteinsdóttir sækir um, sem forsvarsmaður fyrir Tröð North ehf., nýtt rekstrarleyfi til sölu heimagistinga í Tröð á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Tröð North.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

5. Viðbót á rekstrarleyfi – Gerði

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5. mars s.l. þar sem Ragnheiður Árnadóttir sækir um viðbót á rekstrarleyfi til sölu gistinga að Gerði á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Laugar Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við viðbót rekstrarleyfisins fyrir sitt leyti.

6. Nýtt rekstrarleyfi – Hólavegur 4

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 5. mars s.l. þar sem Ragnheiður Árnadóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga á Hólavegi 4 á Laugum í Þingeyjarsveit.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

7. Nýtt rekstrarleyfi – Lautavegur 8

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 9. mars s.l. þar sem Bryndís Pétursdóttir sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga á Lautavegi 8, íbúð 01-0102, á Laugum í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er North Aurora Guesthouse.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

8. Nýtt rekstrarleyfi – Merki

Lögð fram umsagnarbeiðni frá sýslumanninum á Norðurlandi eystra, dags. 9. mars s.l. þar sem Stefán Tryggvason sækir um nýtt rekstrarleyfi til sölu gistinga við Merki í Fnjóskadal í Þingeyjarsveit. Heiti gististaðar er Merki – sumarhús.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við nýtt rekstrarleyfi fyrir sitt leyti.

9. Ráðning skólastjóra við Þingeyjarskóla

Á fundi sveitarstjórnar þann 26. febrúar s.l. var samþykkt að ganga til samninga við Jóhann Rúnar Pálsson um stöðu skólastjóra við Þingeyjarskóla. Ráðningasamningur við Jóhann var undirritaður þann 10. mars s.l. Samningurinn lagður fram.

Ráðningasamninginn samþykktur með sex atkvæðum. Ragnar Bjarnason sat hjá.

10. Erindi – Flugklasinn Air 66N

Fyrir fundinum liggur erindi frá Hjalta Páli Þórarinssyni, verkefnastjóra Air 66N, dags. 25. febrúar s.l. þar sem óskað er eftir aðkomu sveitarfélagsins að starfi Flugklasans Air 66N með framlagi sem nemur 300 kr. á hvern íbúa á ári í þrjú ár. Markaðsstofa Norðurlands hefur um árabíl haft umsjón með starfi Flugklasans Air 66N á Norðurlandi. Markmið klasans er að koma á beinu millilandaflugi um Akureyrarflugvöll allt árið um kring til framtíðar.

Sveitarstjórn samþykkir að taka þátt í verkefninu samkvæmt fyrirbyggjandi erindi.

11. Viðtalstímar kjörinna fulltrúa

Tekið til umræðu viðtalstímar kjörinna fulltrúa og eftirfarandi tillaga lögð fram: „Viðtalstímar kjörinna fulltrúa verða tveir fram á vor. Fyrri viðtalstíminn verður þann 26. mars n.k. í Stórutjarnaskóla og seinni viðtalstíminn verður 9. apríl í félagsheimilinu Ýdölum. Viðtalstímarnir verða frá kl. 20:00 til 21:30. Sveitarstjóra falið að auglýsa viðtalstímana.“

Samþykkt samhljóða.

Lagt fram til kynningar:

- a) Fundargerðir Dvalarheimilis aldraðra sf. frá 04.02. 2015 og 11.02. 2015
- b) Boðun á XXIX landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 13:55

Arnór Benónýsson

Margrét Bjarnadóttir

Árni Pétur Hilmarsson

Ingvar Vagnsson

Heiða Guðmundsdóttir

Sigurður Hlynur Snæbjörnsson

Ragnar Bjarnason